

172. fundur menningarmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 16.
maí 2024 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Ásgerður Þorleifsdóttir formaður, Inga María Guðmundsdóttir varaformaður og Pétur Óli Þorvaldsson aðalmaður.

Embættismenn:

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. 17. júní hátíðahöld - 2019060003

Umræður um hátíðarhöld 17. júní 2024 og ákvörðun um fjallkonu og ræðumann hátíðarhaldanna.

Umræður um hátíðarhöld 17. júní 2024 og ákvörðun um fjallkonu og ræðumann hátíðahaldanna.

2. Félagsheimilið á Þingeyri - rekstrarsamningur o.fl. - 2018040016

Á 1277. fundi bæjarráðs þann 18. mars 2024, var lagður fram til kynningar ársreikningur vegna reksturs félagsheimilisins á Þingeyri fyrir árið 2023, ódagsettur, en barst með tölvupósti frá Rakel Brynjólfsdóttur 12. mars 2024, ásamt ársskýrslu 2023.

Vísaði bæjarráð málinu til kynningar í menningarmálanefnd.

Lagt fram til kynningar.

3. Styrkir til menningarmála 2024 - 2024010011

Lögð fram til kynningar greinargerð frá Jóhönnu Evu Gunnarsdóttir, f.h. Földu ehf., vegna skapandi fjölskyldusmiðju fyrir páska.

Lagt fram til kynningar.

4. Ársskýrsla Byggðasafns Vestfjarða 2023 - 2024050037

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Byggðasafns Vestfjarða fyrir árið 2023, unnin í janúar af Jónu Símoníu Bjarnadóttur, forstöðumanni.

Jafnframt lögð fram til kynningar skýrsla Safnaráðs, dags. 1. janúar 2024, um mat á bátakosti Byggðasafns Vestfjarða, unnin af Jónu Símoníu Bjarnadóttur og Magnúsi Alfreðssyni.

Lagt fram til kynningar.

5. Skíðavikan og páskar - 2021030113

Lagt fram til kynningar minnisblað Tinnu Ólafsdóttur, upplýsingafulltrúa, dags. 12. apríl 2024, vegna framkvæmdar Skíðavikunnar 2024.

Meningarmálanefnd þakkar fyrir skýrsluna og hvetur til þess að 90 ára afmæli Skíðavikunnar verði gert hátt undir höfði árið 2025.

6. Aðgerðaáætlun menningarstefnu Ísafjarðarbæjar - 2022100090

Lagt fram til kynningar yfirlit Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 14. maí 2024, um stöðu aðgerðaáætlunar menningarmálastefnu Ísafjarðarbæjar vegna ársins 2024.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:49

Ásgerður Þorleifsdóttir

Inga María Guðmundsdóttir

Pétur Óli Þorvaldsson

Tinna Ólafsdóttir

Bryndís Ósk Jónsdóttir